



Alþingi  
Erindi nr. P 128/318  
komudagur 28.11.2002

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja  
*Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland*

28. nóvember 2002

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um athugasemdir og tillögur viðskiptaráðuneytis varðandi frv. til l. um fjármálafyrirtæki (215. mál)

SBV hafa kynnt sér tillögur viðskiptaráðuneytis um breytingar á einstökum ákvæðum ofangreinds frumvarps í ljósi innsendra athugasemda. Þar eru jafnframt færð rök fyrir því af hverju ekki þykir rétt að gera breytingar á öðrum ákvæðum sem umsagnar snúa að.

SBV styðja afstöðu ráðuneytisins til málsins og þær breytingartillögur sem það leggur til. Í athugasemdunum er tekið fram að rétt sé að leita eftir álitu hagsmunaaðila á hugsanlegri annarri útfærslu á 2. mgr. 84. gr. frumvarpsins (eiginfjárkröfur). Að mati SBV er skynsamlegra að halda sig við óbreytt orðalag greinarinnar. Rökin fyrir því eru tvönn. Í fyrsta lagi miðar frumvarpstextinn að því að færa hérland ákvæði um eiginfjárkröfur í það horf sem alþjóðasamfélagið er að færa sig í um þessar mundir. Fjármálaumhverfið leggur mikla áherslu á að slíkar grundvallarreglur séu skýrar og að sátt sé um útfærslu þeirra til lengri tíma. Hætta er á að ef sett verður séríslensk regla er lýtur að eiginfjárkröfum til fjármálafyrirtækja séu líkur á að nauðsynlegt verði að breyta lögum yfir í það horf sem frumvarpið ráðgerir innan skamms tíma. Í öðru lagi telja SBV að sú breytta útfærsla sem rætt er um sé fremur til þess fallin að skapa óskýrleika í framkvæmd en ákvæði frumvarpsins. Eins og fram hefur komið telja SBV að texti 2. mgr. 84. gr. setji hækkunarheimild FME þröngar skorður og útskýringar á túlkun ákvæðisins í greinargerð séu nægjanlegar til að tryggja eðlilega framkvæmd á því. Það væri þó til enn frekari styrkingar að nefndin tæki orðalag umsagnar Fjármálaeftirlitsins um þetta efni inn í nefndarálit sitt um málið.

Að lokum vilja SBV ítreka, eins og fram kemur í fyrri umsögn, að aðildarfélög þess eru klofin í afstöðu sinni til VIII. kafla um sparisjóði. Samtökin taka því ekki afstöðu ákvæða þess kafla eða tillagna ráðuneytis til breytinga á þeim.

Virðingarfyllst,

  
Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri